

**Félagið Ísland-Palestína**

Depluhólum 9

111 Reykjavík

23. október 2011

Til utanríkismálanefndar Alþingis

b.t. Nefndasviðs Alþingis,

Kristjönu Benediktsdóttur skjalavarðar

Óskað hefur verið eftir umsögn Félagsins Ísland-Palestína um tillögu til þingsályktunar um viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi Palestínu, lögð fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012 og merkt er þingskjal 31, 31. mál.

Þingsályktunartillagan kveður á um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki innan landamæra frá því fyrir sex daga stríðið árið 1967.

Félagið fagnar framkominni tillögu og skorar á Alþingi að samþykkja hana samhljóða.

Félagið bendir á að tillagan er í samræmi við áður mótaða stefnu Alþingis gagnvart Ísrael og Palestínu sem samþykkt var samhljóða 18. maí 1989.

*Þá skoraði Alþingi á ísraelsk stjórnvöld að koma í veg fyrir manndráp á varnarlausum borgurum og lagði áherslu á að þau virtu mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernda óbreyttra borgara á stríðstímum. Nauðsynlegt væri að báðir aðilar forðuðust ofbeldisverk.*

*Alþingi studdi kröfuna um að tafarlaust yrði kölluð saman alþjóðleg friðarráðstefna á vegum SP með þátttöku allra deiluaðila. Kveðið var á um nauðsyn þess að báðir aðilar sýndu raunverulegan samkomulagsvilja og viðurkenndu rétt hvors annars í samræmi við ályktanir SP frá 1947, 1967 og 1973, en í þeim er kveðið á um skiptingu Palestínu í tvö ríki, að Ísrael dragi herlið sitt frá herteknum svæðum og að hafnir verði samningar um réttlátan og varanlegan frið í Austurlöndum nær.*

*Alþingi lagði áherslu á að viðurkenna bæri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig bæri að viðurkenna rétt palestínkra flóttamanna til að snúa heim aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.*

Ályktun þessi hafði verið samþykkt einróma í utanríkismálanefnd Alþingis og fékk samhljóða samþykki þingheims. Alla tíð síðan, nánast undantekningalaust, hefur Alþingi borið gæfu til að vera samstíga í ályktunum um málefni Palestínu og Ísraels.

Nú stefnir í að Ísland verði fyrsta Vestur-Evrópuþjóðin til að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu. Það væri öllum aðilum málsins mikilvægt, að um það skref væri full samstaða á Alþingi. Slík samstaða væri Alþingi og þjóð til sóma.

Mál sem þetta er í eðli sínu hafið yfir flokkadrætti. Þannig benda nýlegar skoðanakannanir til þess að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar sé á því að viðurkenna beri fullveldi og sjálfstæði Palestínu og að sú afstaða njóti fylgis meirihluta kjósenda allra flokka.

Tillagan sem fyrir liggur snýst um þann einfalda og sjálfsagða rétt hvernar þjóðar að ráða sínum örlögum og lýsa yfir stofnun sjálfstæðs og fullvalda ríkis innan viðurkenndra landamæra. Íslensk þjóð þekkir þá baráttu úr eigin sögu og hefur áður sýnt frumkvæði í að styðja baráttu annarra þjóða til frelsis.

F.h. stjórnar Félagsins Ísland-Palestína

-----  
formaður

Sveinn Runar Hauksson MD  
Chairman  
Association Iceland-Palestine  
Depluholar 9  
111 Reykjavík  
ICELAND  
Tel.: +354 5531302  
mobile: +354 6167857  
[srh@heima.is](mailto:srh@heima.is)  
[srhauks@gmail.com](mailto:srhauks@gmail.com)  
[www.palestina.is](http://www.palestina.is)